

100. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimlinu Þórsveri fimmtudaginn 20. mars 2014 og hófst kl. 17:15.

Mættir eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Gunnólfur Lárusson, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð og svo var ekki. Vegna ófærðar komust ekki fundarmenn austan Brekknaheiðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 99/2014
Lögð fram til kynningar.
2. Fundargerð Íþrótt- og tómstundanefndar 3. mars 2014
Lögð fram til kynningar.
3. Fundargerð fræðslunefndar 4. mars 2014
Lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ganga til samninga við Ingvar Sigurgeirsson um langtímasamning sem faglegs ráðgjafa við skólastarf í leik- og grunnskólum Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð byggingarnefndar leikskólans dagsett 7. mars 2014
Lögð fram til kynningar.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 28. febrúar 2014
Lögð fram til kynningar.
6. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands nr 363, dagsett 28. febrúar 2014
Lögð fram til kynningar.
7. Fundargerð símafundar Vegagerðarinnar vegna dýpkunarframkvæmda 2013, dagsett 7. mars 2014
Lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð Vegagerðarinnar, verkfundur 8 vegna dýpkunarframkvæmda 2013, dagsett 11. mars 2014
Lögð fram til kynningar.
Dýpkunarframkvæmdunum á Bakkafirði lauk í gær. Verklökafundur verður í næstu viku. Í framhaldi af því fær sveitarstjórn lokauppgjör á dýpkunarframkvæmdunum.
9. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu – staðfesting á siðareglum Langanesbyggðar, dagsett 28. febrúar 2014
Lagt fram til kynningar.
10. Bréf frá Halldóru Jóhönnu Friðbergsdóttur, leikskólastjóra Barnabóls
Lagt fram til kynningar.
11. Bréf vegna innanlandsflugs
Sveitarstjórnarmönnum afhent samantekt af félagshagfræðilegri greiningu á framtíð áætlunarflugs á Íslandi.
Sveitarfélagið Langanesbyggð vill ítreka í því samhengi mikilvægi þess að tryggja samgöngur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en þangað fer megin þorri flugfarþega frá Þórshöfn og Vopnafirði. Tryggja samgöngur til höfuðborgarsvæðisins gegnir lykilhlutverki til að jafna búsetuskilyrði, tryggja öryggi íbúa og stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi.

Þar sem ríkisstyrkir í þetta samgönguverkefni eru einungis tryggðir út árið 2014 óskar Sveitarfélagið Langanesbyggð eftir fundi með Innanríkisráðuneytinu sem allra fyrst til þess að ræða framtíð flugþjónustu við íbúa í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða að senda þessa ályktun á Innanríkisráðuneytið og afrit á alla þingmenn Norðausturkjördæmis.

12. Fyrirspurn vegna sérstakra húsaleigubóta og leikskólaplássu dagsett 17. mars 2014

Lagt fram til kynningar.

Skrifstofu falið að kanna hvernig þessu er háttað í nágrennasveitarfélögum og upplýsa sveitarstjórnarmenn á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

13. Bréf frá UMFÍ vegna umsóknar um að halda Landsmót UMFÍ 50+ 2016

Lagt fram til kynningar.

Erindinu vísað áfram til Íþróttá- og tómstundanevndar. Samþykkt samhljóða

14. Bréf frá UMFÍ vegna umsóknar um að halda Unglingalandsmóts 2017

Lagt fram til kynningar.

Erindinu vísað áfram til Íþróttá- og tómstundanevndar. Samþykkt samhljóða.

15. Erindi frá Sóknarnefnd Langanessóknar vegna nýs kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju dagsett 8. mars 2014.

Lagt fram til kynningar

Erindinu vísað áfram til umhverfis- og skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

16. Staðfesting á breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, stækkun athafnarsvæðis á Holtinu á Þórshöfn

Lagt fram til kynningar.

17. Rekstrarsamningur Langanesbyggðar og HSP

Lagður fram til kynningar.

18. Skýrsla sveitarstjóra:

- Sveitarstjóri fór og heimsótti grunnskólann í Hvalfjarðarsveit með Orra arkitekt.
- Verið að vinna í ársuppgjöri og verða lögð drög að ársreikningi á næsta fundi og þá mun Magnús Jónsson endurskoðandi verða á fundinum.
- Styttist í að gengið verði frá endurfjármögnunarláninu við Íslandsbanka.
- Viðræður eru í gangi við Svalbarðshrepp varðandi sameiningu skólanna.
- Oddviti og sveitarstjóri sóttu fund á Akureyri um Norðurslóðamál. Áhugaverður fundur.
- Verið að gera breytingu innheimtumálunum hjá sveitarfélaginu.

Fleira er ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 18:10.